

**Ed. 4. Frumvarp til laga [4. mál]**

um breyting á lögum nr. 40 11. maí 1970, um kaup á sex skuttogurum.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Í stað orðsins „sex“ í fyrirsögn og 1. mgr. 1. gr. laganna komi orðið: átta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

**Fylgiskjal.**

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um breyting á lögum nr. 40 11. maí 1970 um kaup á sex skuttogurum.

**FORSETI ÍSLANDS**

*Gjörir kunnugt:* Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að breyta lögum nr. 40 11. maí 1970 um kaup á sex skuttogurum vegna samninga, er nú hafa tekizt við Slippstöðina h.f. á Akureyri um smíði tveggja skuttogara. Verður Útgerðarfélag Akureyringa kaupandi að fyrri togaranum og einnig þeim seinni, fáist ekki annar kaupandi. Þegar hafa verið gerðir samningar um smíði sex skuttogara samkvæmt fyrrgreindum lögum, þ. e. a. s. tveir skuttogarar verða smíðaðir í Póllandi og fjórir skuttogarar verða smíðaðir á Spáni.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað orðsins „sex“ í fyrirsögn og 1. mgr. 1. gr. laganna komi orðið: átta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 21. maí 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Eggert G. Þorsteinsson.*